

Alþingi  
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Búðardal 22.11.2022

**Efni:** Umsögn um þingsályktunartillögu um hagkvæmisathugun á uppbyggingu Skógarstrandarvegar, 84. mál á þingskjali 84.

Dalabyggð hefur áður sent inn umsagnir um málið þegar það hefur verið lagt fram og er hér ítrekun á afstöðu sveitarfélagsins til málsins um leið og það er harmað að málið nái ekki fram að ganga.

Dalabyggð tekur undir mikilvægi uppbyggingar Skógarstrandarvegar og veitir þingsályktunartillögunni eindrægan stuðning.

Í Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029 segir m.a.:

*„Brýnt er að hefja framkvæmdir við veginn um Skógarströnd, einkum lagningu slitlags þar sem undirbyggingu er lokið. Mikilvægt er að hefja framkvæmdir á árinu 2017, hönnun endurbóta hans og gerð tímasettrar verkáætlunar framkvæmda.“*

Sveitarfélög á Vesturlandi hafa staðið einhuga að beiðni um að framkvæmdum við Skógarstrandarveg verði flýtt og vegurinn endurbyggður. Dalabyggð fagnar þeim ca. 5 km sem teknir voru fyrir á leiðinni í síðasta áfanga og þeim 5,4 km ásamt brúarsmíðum sem gert er ráð fyrir að klára 2023. Hver kílómetri skiptir máli og útrýming einbreiðra brúa er mikil framför. Sveitarfélagið bendir þó á að eftir áætlaðar framkvæmdir að Gunnarsstöðum eru enn um 6 km eftir að síðasta bæ sem skólabíll þarf að sækja börn á, á þessari leið.

Vegurinn liggur vel hvað litla eða nær enga snjósöfnun varðar og er þannig oftast en ekki eina greiða leiðin milli Dalabyggðar og byggðarlaga fyrir vestan og þyrfti því ekki að kosta miklu til að halda honum opnum árið um kring. Er leiðin oft notuð til farm- og fólksflutninga þegar leiðir um Bröttubrekku og Holtavörðuheði eru lokaðar en hægt að fara veginn um Laxárdalsheiði og Skógarströnd.

Þá segir einnig í Samgönguáætlun Vesturlands 2017-2029 m.a.:


*„Slys eru tíð og nauðsynlegt að grípa til viðeigandi endurnýjunar - ekki síst í ljósi aukinnar umferðar.“*

Hefur þetta ekki breyst frá útgáfu áætlunarinnar og ef eitthvað hefur umferð um veginn aðeins aukist frá 2017. Þennan veg fara margir ferðamenn á milli Snæfellsness og Dala, þannig hefur ferðaþjónusta byggst upp við veginn ásamt því að þar er heilsársbúseta og stundaður hefðbundinn búskapur. Þannig þarf mjólkurbíll að fara hluta af leiðinni og skólabílar einnig. Dalabyggð leggur til að stjórnvöld hlutist til um að talning verði hafin á leiðinni um Skógarströnd á vormánuðum til að hægt sé að sjá raunverulega umferð á leiðinni.

Þá hefur verið lagt af stað í verkefnið **Vestfjarðaleiðin** þar sem Dalirnir eru hluti af nýrri ferðaleið og er ótækt að hamla þátttöku einstakra ferðaþjónustuaðila vegna lélegra samgangna þegar slík ferðaleið getur orðið lyftistöng fyrir svæðið. Í samtölum ferðaþjóna við fólksflutningafyrirtæki kemur það reglulega fram að þessi leið sé því miður í þannig ástandi að þau treysti sér ekki til að fara hana og því sneiði þeir framhjá annars áhugaverðu og blómstrandi ferðaþjónustusvæði. Nokkur dæmi eru um frá nýliðnu sumri að einstaka ferðaþjónustuaðilar hafi hreinlega bannað sínum fararstjórum og/eða bílstjórum að aka með hópa um Skógarstrandarveg sökum þess hve illa hann færi með ökutækin.

Líkt og segir í greinagerð þingsályktunartillögunnar kom Skógarstrandarvegur ekki vel út úr rannsókn á slysatíðni á vegum sem gerð var 2007-2010. Þrátt fyrir margar merkingar á veginum verða reglulega slys á honum og má þakka fyrir hvert slys sem endar án meiðsla. Þá má einnig gera athugasemd við það að vegur sem greindur var einn þriggja hættulegustu vegarkafla landsins hafi ekki verið rannsakaður síðan 2010. Samkvæmt slysakorti Samgöngustofu hafa orðið nærri 50 umferðarslys frá Emmubergi á Skógarströnd að mörkum Dalasýslu í Álftafirði frá árinu 2007 sem flokkast sem alvarleg, með litlum meiðslum eða án meiðsla. Þá er ekki talið með þegar fólk hefur lent í ógöngum sem það hefur sjálft náð að vinna sig út úr, þegar dekk hafa sprungið eða þegar óskað hefur verið eftir aðstoð björgunarsveita/bænda við að draga bíla úr snjósköflum svo dæmi séu tekin.

Dalabyggð fagnar enn á ný framkominni þingsályktunartillöguna og telur að hagkvæmniathugun á þessum vegi gæti leitt í ljós að uppbygging leiðarinnar hefði verulega jákvæð áhrif á þróun byggðar, atvinnuuppbyggingu svæðisins og almennar ferðir bæði íbúa og ferðamanna um veginn.

  
Björn Bjarki Þorsteinsson  
Sveitarstjóri Dalabyggðar